

10.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn fimmtudaginn 30. nóvember 2023. Fundurinn er haldinn á skrifstofu Árneshrepps í Norðurfirði kl: 14:00.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Sólveig Rögnvaldsdóttir 1.varamaður Melum 2, Delphine Briois Kjörvogi, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík og Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði sem verður í fjarfundi frá kl. 15:00.

Dagskrá fundarins :

1.Fjárhagsáætlun fyrir 2024 til 2027, fyrri umræða. Gera viðauka vegna Sorpsamlags og velferðarþjónustu.

2. Fundargerð frá október, fara yfir málin sem þar voru til umræðu.

Stóru verkefnin :

1. Ljósleiðari og 3. Fasa rafmagn

- ástand (hvað var klárað í 2023, kostnaður)
- áætlun fyrir 2024 og kostnaðaráætlun

2. Framkvæmdir við Norðurfjarðarhöfn.

- staðan á verkefninu, kostnaður og áætlun fyrir árið 2024.

Mál í vinnslu :

1. Samgöngur, fundargerð frá fundi með Vegagerðinni ; Vetrarþjónusta, framhald vinnu á smærri verkefnum vegna verstu kaflanna í veginum.

2.Úrgangsmál og áætlun Sorpsamlags Strandasýslu fyrir árið 2024.

3. Fundargerð eftir fund með HS-Orku (Hydropower Sustainability Standard (HSS), hafa samband fyrir hreppsnefndarfund.

4. Rafmagnsendurgreiðsla : teikningar af kaupfélagshúsi + teikna kaffihús á ný .

Ný mál og erindi :

- Verkefnisbeiðni til Forsætisráðuneytis, beiðni um að stofnuð verði framhaldsnefnd vegna sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaga að Ströndum. Áfram Árneshreppur, verkefisstjóri/stjórn og fulltrúar frá Alþingi.

- Kaffi Norðurfjörður, rekstrarreglur, leiguupphæð og fleira.

- Svæðisskipulagsmál; Erindi frá Aðalsteini Óskarssyni varðandi ferli það sem er framundan.

- Bygðasamlag Vestfjarða, póstur frá Ólafi P.Ólafssyni til umræðu og samþykktar.

- Háskólasetur á Ísafirði, erindi vegna verkefnisins „Gefum íslensku séns“ og fundur sem

haldinn var hér í sveitinni.

303.

1.Fjárhagsáætlun fyrir 2024 til 2027, fyrri umræða. Lagður fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun Árneshrepps 2023; Með breytingu á 20.gr. reglugerðar nr.1212/2015 var kveðið á um að byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaforn sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, skuli færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags. Í viðauka er búið að færa hlutdeild Árneshrepps í áætlun Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps, Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðra og Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2023 í upphaflega samþykktu áætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2023.

Í samræmi við ákvörðun aðalfundar Sorpsamlags Strandamanna 2023, um hækkun mánaðargjalda aðildarfélaga um 25% auk þess sem kostnaður við sorphirðu hefur aukist töluvert og hækkar gjaldfærslu um 7 millj. kr. sem verðu brugðist við með lækkun á handbæru fé.

Bókun fjárhagsáætlunar 2024-2027. Lögð fram til fyrri umræðu tillaga að fjárhagsáætlun 2024 ásamt tillögu að fjárheimildum fyrir árin 2025 til 2027.

Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkir að hafa álagningu fasteignaskatta 2024 óbreytta;

A-flokkur 0,625% af fasteignamati skv. 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga

B-flokkur 1,32% af fasteignamati skv. 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

C-flokkur 1,65% af fasteignamati skv. 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkir að álagning útsvars í Árneshreppi á árinu 2024 verði 14,74% af tekjum. Gjaldskrá vegna hækkunar sorphirðugjalda verður uppfærð fyrir síðari fund um fjárhagsáætlun. Varðandi verkefni næsta árs var rætt um áframhaldandi viðgerð á þaki Kaupfélags- húss, athuga þarf betur frágang á svölum og þaki yfir lagerrými. Áætlun vegna salerna í íbúðum 1 og 3 verður haldið áfram, ýmislegt fleira verður sett í athugun og ákvarðað fyrir síðari umræðu. T.d. varðandi uppsetningu varmadæla fyrir húseignir hreppsins. Einnig verður haldið áfram vinnu að innanverðu í bílskúrnum. Hreppsnefnd samþykkir fjárhagsáætlun Árneshrepps 2024 – 2027 og vísar henni til frekari umfjöllunar og til síðari umræðu í hreppsnefnd.

2.Fundargerð frá október, fara yfir mál sem þá voru til umræðu.

Stóru verkefnin.

1.Ljósleiðari og 3ja fasa rafmagn. Ákveðið var að skrifa Orkubúi, Radíóver og Verklokum varðandi frágang lagningar rörs fyrir ljósleiðara í Urðunum. Gengið hefur illa að blása ljósleiðaranum í gegn.

Ákveða þarf viðbrögð við bréfi frá Orkubúinu varðandi kostnað af ljósastauraljósum.

2.Framkvæmdir við Norðurfjarðarhöfn. Oddviti mun hafa samband við bókara sveitarfélagsins og biðja um lista yfir kostnað varðandi verkefnið við Norðurfjarðarhöfn. Skúli og Arinbjörn munu skila verksstöðuskýrslu til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og stefnt að því að fá

verkstöðugreiðslu sem fyrst.

Mál í vinnslu:

1.Samgöngur, fundargerð frá fundi með Vegagerðinni. Oddviti og varaoddviti sögðu frá fundi með Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis. Oddviti mun ítreka það að fá fundargerð frá fundi hreppsnefndar með Vegagerðinni þ. 11.október s.l.

304.

2.Úrgangsmál og áætlun Sorpsamlags Strandasýslu fyrir árið 2024. Ákveðið var að halda sérstakan fund varðandi sorphirðumál.

3.Fundargerð eftir fund með HS-Orku (HSS- Hydropower Sustainability Standard, beðið er eftir fundargerð og yfirlit varðandi niðurstöður rannsóknarinnar.

4.Rafmagnsendurgreiðsla; teikningar af Kaupfélagshúsi + teikna kaffihús á ný. Búið er að útvega mann sem getur tekið þessar mælingar fyrir sveitarfélagið.

Ný mál og erindi;

1. Verkefnisbeiðni til Forsætisráðuneytis; Málið hefur verið tekið fyrir hjá ríkisstjórninni og hefur verið ákveðið að setja á laggirnar nefnd til að fjalla um og skilgreina framtíð Stranda.
2. Kaffi Norðurfjörður, rekstrarreglur, leiguupphæð og fleira. Ákveðið var að fara vel yfir áður gerða samninga og ákveða hvort og hvernig nýr samningur á að vera.
3. Svæðisskipulag, erindi frá Aðalsteini Óskarssyni varðandi ferli það sem er framundan. Hreppsnefnd fór yfir málin og samþykkti hluta Árneshrepps varðandi Svæðisskipulagið.
4. Byggðasamlag Vestfjarða, póstur frá Ólafi Þ. Ólafssyni til umræðu og samþykktar. Hreppsnefnd Árneshrepps tók erindi frá Ólafi Þ. Ólafssyni varðandi uppgjör BsVest þar sem farið er fram á samþykki hreppsnefndar um að uppgjör verði miðað við komandi áramót. Hreppsnefnd ræddi málið og samþykkir að umrætt uppgjör BsVest verði miðað við næstkomandi áramót.
5. Háskólasetur á Ísafirði, erindi vegna verkefnisins „Gefum íslensku séns“ og um fund sem haldinn var hér í sveitinni. Hreppsnefndin lýsti ánægju sinni með erindi Ólafs hjá Háskólasetri og erum ánægð með samstarf varðandi þetta fína verkefni.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:30.